

Ed. 306. Frumvarp til laga [253. mál]

um breyting á lögum nr. 108/1985, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 108/1985 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæminu í Garðabæ skal frestur þessi standa til ársloka 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sumarið 1984 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, sérstaklega með skipulag heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu í huga. Var stofnað til þess nefndarstarfs í samræmi við niðurstöður fundar sem haldinn var með forsvarsmönnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin skilaði tillögum sínum sumarið 1985 og hafa þær verið til umfjöllunar í ráðuneytinu frá þeim tíma.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að ekki vinnist tími til að leggja fram endanlegt frumvarp fyrr en eftir áramót hefur orðið að ráði að leggja til eins árs framlengingu á fresti þeim sem lögin áskilja vegna kerfis heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði og í heilsugæsluumdæminu í Garðabæ. Forsvarsmenn heilsugæsluumdæmanna í Hafnarfirði og Kópavogi hafa hins vegar ákveðið að taka upp kerfi heilsugæslu þannig að ekki er ástæða til að framlengja frestinn gagnvart þeim umdæmum eins og gert hefur verið áður.

Þess er að vænta að frumvarp til breytinga á lögum nr. 59/1983 verði lagt fram fljótlega eftir áramót, þannig að þá gefst tími til þess að fjalla um endanlega skipan heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.